

EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf.

Dagsetning	11. maí 2011	Fulltrúi(ar) UST	Ólafur Kristinn Tryggvason og Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Steinull hf.	Starfsleyfi, gildir til	1. maí 2024
Heimilisfang	Skarðseyri 5, 550 Sauðárkrókur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Fulltrúar fyrirtækis	Einar Einarsson og Guðmundur Örn Guðmundsson
Isat nr.	26.82.1	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N 65.45.620, V19.39.131 24 m.h.
Starfsemi	Steinullarframleiðsla		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á því að funda með eftirlitsþegum. Á fundinum var farið yfir gögn sem fyrirtækið hefur skilað til Umhverfisstofnunar í samræmi við starfsleyfi. Einnig var farið yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu og ákvæði í starfsleyfi.

Engin breyting hefur orðið á framleiðslunni nema hvað mun minna er framleitt í verksmiðjunni nú en áður og ekki var nein starfsemi í gangi í verksmiðjunni og var því ekki farið í skoðunarferð um fyrirtækið að þessu sinni.

FRÁVIK

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu.

Athugasemd 1:

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.



Önnur atriði:

Samkvæmt gr. 3.1 í starfsleyfi er gerð krafa um mengunarmælingar í útblæstri annað hvert ár. Mælingar á útblæstri verksmiðjunnar fóru síðast fram vorið 2009 og reyndust allar mælingar undir kröfum í starfsleyfi. Mælingar á útblæstri fara aftur fram í haust.

Engar kvartanir hafa borist frá íbúum Sauðarkróks vegna loftmengunar frá verksmiðjunni.

Eftir að jarðgerðarstöðin sem er rétt ofan við verksmiðjuna varð gjaldþrota hefur mest allur úrgangur frá verksmiðjunni verið urðaður eða sá úrgangur sem ekki fer í endurvinnslu. Nú fyrirhuga rekstraraðilar Steinullarverksmiðjunnar ásamt Sauðarkróksbæ, Byggðastofnun og fleiri aðilum að sækja um starfsleyfi fyrir jarðgerðarstöðina.

Lengi hefur staðið til að girða lóð verksmiðjunnar af en af því hefur ekki getað orðið þar sem ekki hefur verið gengið frá afsali hluta lóðar til bæjarfélagsins auk þess að ekki hefur verið samið um hvar ný lóðamörk liggja.

Reykjavík, 18/08/2011

Ólafur Kristinn Tryggvason